

Stómahópurinn er stór

Víða um heim hafa verið stofnuð samtök fólks sem gengist hefur undir stómaaðgerðir, og velunnara þeirra. Hér á landi voru slík samtök stofnuð árið 1977 og eru nú félagar í samtökunum 130 talsins. Reynt hefur verið að ná til sem flestra þeirra sem gengist hafa undir stómaaðgerðir. Þessi hópur nýtur góðs stuðnings ýmissa aðila úr heilbrigðisstéttunum. Krabbameinsfélag Íslands hefur séð hópnum fyrir aðstöðu til fundahalda og stutt dyggilega við bakið á honum.

Vitað er um aldur 116 manns í hópnum. Aldursskiptingin er þannig:

0- 9 ára	11
10-19 ára	11
20-29 ára	5
30-39 ára	12
40-49 ára	4
50-59 ára	14
60-69 ára	25
70-79 ára	27
80 ára og eldri	7

Um 140 ára þróun

Fyrsta ristilop sem um getur gerði franskur læknir, J. Amussad að nafni í París árið 1839.

Ristill var tekinn út um bakið og hélst sú aðferð um hálfra aldar skeið, sen svonefnt lykkjuop kom fram um 1884. Nútíma tækni við varanlegt ristilop kemur þó ekki fram fyrr en 1908, er Miles lýsti fyrstu árangursríku aðgerð vegna illkynja æxlis í endaparmi. Verulegar framfarir urðu þó ekki fyrr en um 1950, er gerð ristilopa færðist í núverandi horf.

Fyrsta smágirnisop sem um getur gerði Brown í St. Louis í Bandaríkjunum árið 1913. Saga smágirnisopa varð þó saga sífelldra hrakfalla, vegna óbærilegrar skinnertingar, þar til um 1950, en um það leyti tókst samvinna með dr. R. Turnbull í Cleveland í Bandaríkjunum og eins af sjúklingum hans, Normu Gill, og nútímahjúkrun og umönnun þessara sjúklinga komst á laggirnar. Í framhaldi af því varð samband svonefndra ostomyhjúkrunarliða stofnað, sem nú ber heitið International Association of Enterostomal Therapy. Auk þessa hafa verið stofnuð víða um lönd félagasamtök sjúklinga með auka þarfaganga. Er verksvið samtakanna að styðja við bakið á og uppræða sjúklinga fyrir og eftir aðgerð og hjálpa þeim til að leysa þau daglegu vandamál sem að steðja fyrst eftir aðgerð. Einnig færa samtökin hinum nýju eða verðandi skjólstæðingum sínum heim sanninn um að þrátt fyrir tímabundin vandamál geti þeir notið hjónalífs, barneigna, íþrótt, útíllífs og annarra lífsins gæða til jafns við hverja aðra hamingjusama þjóðfélagsþegna.



KEFLAVÍK

Fasteignagjöld

Seinni gjalddagi fasteignagjalda er 15. maí n.k. og ber þá að greiða eftirstöðvar þeirra. 15. júní n.k. falla 4.75% dráttarvextir á ógreidd fasteignagjöld.

Gerið skil og forðist þannig dráttarvexti og önnur óþægindi.

Innheimta Keflavíkurbæjar

Frá Almannatryggingum

í Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbringusýslu

Vegna tölvuvinnslu skal bótaþegum bent á að tilkynna umboðinu strax um breytingu á heimilisfangi, til að komast hjá erfiðleikum í útsendingu bótamiða.

**Bæjarfógetinn í Keflavík
Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu**

DVALARLEYFI í orlofshúsum

Nú stendur yfir úthlutun dvalarleyfa í orlofshús Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis. Dvalarleyfin eru afgreidd á skrifstofu félagsins, en ekki er tekið á móti umsóknum í síma né bréflega.

Leiga er kr. 400 á viku og greiðist við úthlutun.



**Verkalýðs- og sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis**